

REGLUGERÐ

um heilsuvernd í skólum.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Heilsuvernd í skólum skal í aðalatriðum fólgin í a) eftirliti með heilsufari nemenda og tiltækilegum ráðstöfunum til að efla líkamlega og andlega hreysti þeirra og ráða bót á ágöllum, kvillum og sjúkdómum, b) vernd gegn smitsjúkdómum, slysum, ofreynslu og andlegum áverka, d) almennri heilbrigðisfræðslu og leiðbeiningum um heilsuvernd og e) eftirliti með aðbúnaði og húsakynnum.

Það er ekki hlutverk skólalæknis sem slíks að veita sjúkum nemendum læknishjálp.

2. gr.

Hver skóli skal sjá heilbrigðisstarfsliði sínu fyrir viðunandi húsnæði búnu nauðsynlegum húsgögnum.

3. gr.

Skólalæknar og skólahjúkrunarkonur eiga ótakmarkaðan aðgang til eftirlits að öllum vistarverum, sem nemendur í skóla þeirra hafa afnot af, hvort heldur bein eða óbein.

4. gr.

Kveðja skal skólayfirlækni til ráða, þegar gerðar eru teikningar af nýjum skólabyggingum og skólahúsgögnum eða breytingar á húsakynnum eða húsbúnaði skóla.

5. gr.

Skólayfirlæknir lætur gera heilsufars- og skoðunarseðil og önnur eyðublöð til afnota við framkvæmd heilsuverndar í skólum og segir fyrir um notkun þeirra og meðferð. Heimilt er þó heilsuverndarstöðvum með samþykki skólayfirlækni að nota aðra gerð seðla, svo og fleiri eyðublöð en hann mælir fyrir um.

Allar upplýsingar um heilsufar nemenda eru einkamál, og skal fara með þær samkvæmt því.

6. gr.

Nú stundar nemandi samtímis nám við fleiri skóla en einn, og ber þá eftirlit með honum undir skólalækni þess skóla, þar sem nemandinn telst stunda aðalnám.

Um almenna skólaskoðun og eftirlit með nemendum.

7. gr.

1. Berklaskoðun skal fara fram á nemendum og starfsliði skóla, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum um berklavarnir hverju sinni.

2. Almenn skólaskoðun skal fara fram eigi sjaldnar en hér segir:

- a. árlega í öllum heimavistarskólum,
- b. fjórum sinnum á skólatímanum í heimangönguskólum á skyldunámsstigi, þar á meðal þegar börn byrja skólagöngu og á því skólaári, er þau ljúka barnaprófi og unglingsprófi,
- d. á því skólaári, er nemendur ganga undir landspróf miðskóla og gagnfræðapróf í heimangönguskólum á gagnfræðastigi,

- e. annað hvert ár í heimangönguskólum öðrum en þeim, sem taldir eru í b- og d-lið **214** þessarar greinar, þar á meðal á því skólaári, er nemandinn lýkur brottfararprófi. 22. jan.
- f. á börnum, sem byrja skólagöngu síðar en lög mæla fyrir, jafnskjött og þau hefja nám.

8. gr.

Almenn skólaskoðun skal í meginatriðum fólgin í þessu:

- a. Skrá skal eftir upplýsingum foreldra (forráðamanns) stutta heilsufarssögu hvers barns, sem byrjar skólagöngu, og spyrjast fyrir um:
1. arfgenga sjúkdóma í fjölskyldu,
 2. húsakynni og aðrar heimilísástæður,
 3. samvistir við berklaveika,
 4. gang fæðingar og þyngd við fæðingu,
 5. afstaðnar farsóttir og aðra sjúkdóma og kvilla, svo og aðgerðir og slys (einkum áverka á höfuð),
 6. mataræði og svefn,
 7. daglegt hátterni.
- b. Skólalæknir skal eiga stutt viðtal við hvert barn, sem byrjar skólagöngu, og gera sér, eftir því sem auðið er, grein fyrir málfæri þess, andlegum þroska og andlegum viðbrögðum.
- d. Líkamsrannsókn er í aðalatriðum fólgin í, að athugað er:
1. líkamsþroski og eldi,
 2. vanskapnaður og áorðin bæklun eða burðargallar (brjóstgrind, hryggur, limir), hreyfanleiki liðamóta, svo og líkamslýti,
 3. líkamshirðing, húðsjúkdómar,
 4. tannhold, tennur, eitlar í munn- og nefkoki, aðrir eitlar,
 5. sjónskerpa á hvoru auga um sig, augu að öðru leyti, litarskyn 12 ára barna,
 6. heyrn á hvoru eyra um sig, eyru að öðru leyti,
 7. hjarta og lungu,
 8. kviður (kviðslit, ör), eistu.
 9. taugakerfi.
- e. Ekki er skylt að rannsaka þvag, blóðrauða, blóðsökk og blóðþrýsting, nema skólalækni þyki eitthvað benda til, að þess sé þörf.
- f. Heimilt er skólalækni að láta vega og mæla nemendur, þegar hann telur ástæðu til.
- g. Meðan nemandi er í skóla, skal skrá sjúkdóma, sem hann fær á þeim tíma, aðgerðir og slys, sem máli þykja skipta, svo og annað, sem mælt er fyrir um á skoðunarseðli.

9. gr.

Jafnan skal nemendum heimilt að leita til skólalæknis, þegar hann er staddur í skólanum, ef þeir eða foreldrar þeirra æskja slíks. Hafa skal þó samráð við skóla- hjúkrunarkonu, þar sem hún er starfandi, áður en nemendur, er um ræðir í þessari grein, koma til skoðunar.

10. gr.

Auk þess, sem fyrir er mælt í 7.—9. gr., skulu *gæzlunemendur* háðir sérstöku eftirliti skólalæknis. Skal hann skoða þá eða fylgjast með þeim á annan hátt og vera heilsufarslegur ráðunautur þeirra, foreldra þeirra og kennara, eftir því sem tilefni er til að hans dómi og að svo miklu leyti sem honum endist tími til.

Til gæzlunemenda teljast:

1. nemendur, sem hafa verið fjarvistum úr skóla vegna sjúkdóma eða slysa;
2. nemendur, sem ganga með langvinna líkamlega sjúkdóma eða eru í afturbata

214
22. jan.

- eftir slíka sjúkdóma, svo og nemendur, sem hafa líkamlega eða andlega ágalla eða eru andlega miður sín á einhvern hátt,
- a. nemendur, sem eru vanskapaðir eða á annan hátt lýttir eða þjást af vöðva-rýrnun, hryggskekkju, ilsigi eða öðru í þeim mæli, að áhrif hafi á líkamsburð, starfshæfi og líðan,
 - b. nemendur, sem þjást t. d. af sjón- eða sjónlagsgöllum, heyrnardeyfu, mál-færistruflunum, orðblindu, afleiðingum af gigtsótt, hjartasjúkdómum, astma, lungnaeitlabólgu, offitu, sykursýki, langvinnum nýrnasjúkdómum, floga-veiki, svo og taugaveiklun eða röskun á tilfinningalífi eða geði í þeim mæli, að áhrif hafi á nám, atferði og aðlögun að umhverfi;
3. nemendur, sem eru óeðlilega pasturslitlir, magrir eða seinþroska líkamlega, án þess að þeir verði taldir veikir;
4. nemendur, sem ætla má, að sjúkdómar geti vofað yfir öðrum fremur, einkum:
- a. nemendur, sem hafa fengið fleiðrubólgu eða þrimlasótt,
 - b. nemendur, sem eru samvistum við berklaveika,
 - d. nemendur, sem eiga foreldra eða aðra nána ættingja, sem ganga með arf-genga sjúkdóma,
 - e. nemendur frá heimilum, sem eru í óreiðu á einhvern hátt,
 - f. nemendur, sem eru áberandi óreglusamir í háttum sínum, t. d. um mataræði, svefntíma eða meðferð nautnalyfja.

11. gr.

Nú er þess æskt, að barn hefji skólagöngu fyrr en lög mæla fyrir, og skal þá senda barnið til hlutaðeigandi skólalæknis til skoðunar. Ef skólalæknir telur af einhverjum ástæðum óráðlegt, að barnið hefji skólagöngu, skal hann ráða foreldrum (forráðamanni) frá því.

12. gr.

Nú telur skólalæknir, að nemandi sé þörf læknishjálpar, og skal hann þá vísa nemandanum til heimilislæknis hans eða hlutast á annan hátt til um, að hann hljóti viðeigandi hjálp.

Sérstök áherzla skal lögð á að senda til eyrnalæknis nemendur, sem heyra ekki fulla heyrn, og til augnlæknis nemendur, sem sjá ekki fulla sjón eða hafa einhver sjúkleg einkenni frá augum.

Lækni, sem nemandi er vísað til, ber að gera hlutaðeigandi skólalækni grein fyrir niðurstöðum rannsókna sinna og meðferð.

13. gr.

Nú kemur í ljós, að nemandi er haldinn smitandi sjúkdómi, og ber þá skóla-lækni að sjá um, að nemandinn sæki ekki skóla, meðan af honum stafar smithætta.

14. gr.

Nú telur skólalæknir, að nemandi sé þörf sérkennslu, sérstakrar meðferðar í bekk eða annarrar tiltækilegrar hjálpar, án þess að um sé að ræða læknishjálp, og skal hann þá beina um það tilmælum til hlutaðeigandi skólastjóra.

15. gr.

Nú krefst skóli fjarvistarvottorðs vegna bráðs sjúkdóms, og skal þá taka gilt vottorð frá hverjum þeim lækni, sem til hefir verið kvaddur.

Taka skal gilt vottorð frá heimilislækni, þegar um er að ræða fjarvistir nem- anda vegna langvinnis sjúkdóms, en honum ber að gera skólalækni grein fyrir ástæðum.

Vottorð um undanþágu frá einstökum námsgreinum skal því aðeins tekið gilt, **214**
 að skólalæknir hafi látið það í té samkvæmt eigin rannsókn eða trúnaðarumsögn **22. jan.**
 hlutaðeigandi heimilislæknis.

16. gr.

Nemendum er óheimilt að taka þátt í íþróttakeppni án leyfis hlutaðeigandi skólalæknis.

Um heilsufræðikennslu.

17. gr.

Kenna skal öllum nemendum í barna-, unglinga- og gagnfræðaskólum almenna heilsufræði og stúlkum í þessum skólum auk þess þá þætti heilsufræði, er konur varða sérstaklega. Kennaraefnum skal kenna almenna heilsufræði, skólaheilsufræði og hjálp í viðlögum.

Hlutaðeigandi skólalæknir skal fylgjast með því, að kennt sé tilskilið námsefni í heilsufræði í almennum skólum, og veita skal hann heilsufræðikennara leiðbeiningar, ef hann æskir.

Um heilsuverndarstöðvar og ráðningu heilbrigðisstarfsliðs.

18. gr.

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa heilsuvernd í skólum með höndum, ráða þær eða leggja til heilbrigðisstarfslið í skóla, hver í sínu umdæmi. Skulu stöðvarnar semja við eftirtalda aðila um greiðslu fyrir eftirlitið og um starfstíma yfir skólaárið í hverjum skóla:

- a. við fræðslumálastjórn, ef um er að ræða ríkisskóla,
- b. við sveitarstjórn, ef um er að ræða skóla, sem reknir eru af sveitarfélögum einvörðungu eða sameiginlega af ríki og sveitarfélögum,
- d. við skólastjórn, ef um er að ræða einkaskóla.

19. gr.

Þar sem heilsuverndarstöðvar hafa ekki heilsuvernd í skólum með höndum, ráða aðilar þeir, sem taldir eru í 18. gr., heilbrigðisstarfslið að skólum annað en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum. Skulu fyrirtaldir aðilar semja um launakjör og ákveða starfstíma heilbrigðisstarfsliðs yfir skólaárið í hverjum skóla.

20. gr.

Hafa skal samráð við skólayfirlækni og hlutaðeigandi skólastjóra um ráðningu allra heilbrigðisstarfsmanna skóla annarra en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum. Ákveða skal starfstíma heilbrigðisstarfsmanna yfir skólaárið í hverjum skóla í samráði við skólayfirlækni.

21. gr.

Lengd ráðningartíma heilbrigðisstarfsmanna í skólum annarra en héraðslækna, sem gegna skólalæknisstörfum samkvæmt lögum um heilsuvernd í skólum, fer eftir því, sem um semst á hverjum stað, en lögð skal áherzla á, að sami hæfur starfsmaður gegni sem lengst störfum við sama skóla.

22. gr.

Heimilt er heilsuverndarstöðvum að ráða til heilbrigðisstarfa í skólum hvort heldur sem er fast starfslið sitt eða aðra, sem vól er á og um semst.

214

22. jan.

Heilbrigðisstarfslið skóla skal leitast við að vinna störf sín í sem nánastri samvinnu við skólastjóra og kennara og gæta þess, að valda sem minnstri röskun á daglegum störfum skólans. Viðtalstíma, svo og hvaða bekkir eru teknir til skoðunar hverju sinni, skal ákveða í samráði við skólastjóra.

23. gr.

Um skólastjóra og kennara.

24. gr.

Skólastjórum og kennurum ber að fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska og heilsufari nemenda sinna eins og unnt er, gæta þess eftir föngum, að vel sé að þeim búð í skólanum, varast að ofþyngja þeim í námi og leitast við að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur. Þeir skulu jafnan vera á verði um allt, er bent getur til, að nemandi sé andlega eða líkamlega vanheill eða miður sín og koma slíkum nemanda í hendur skólalækni hið fyrsta, og hlíta skulu þeir fyrir-mælum skólalækni um meðferð á gæzlunemendum.

25. gr.

Nú sækist nemandi nám óeðlilega illa að dómi kennara, og skal þá skólalækni falið að rannsaka, hvort námstregðan geti stafað af sjúkdómi, kvilla eða ágalla öðrum en hæfileikaskorti.

26. gr.

Að minnsta kosti tvisvar á vetri skulu kennarar gera skólalækni, annaðhvort skriflega eða munnlega, grein fyrir álitinu á heilsufari nemenda, sem eru í umsjá þeirra.

27. gr.

Skólastjóra ber að fylgjast með því, að heilbrigðisstarfslið skóla hans komi til starfa á umsömdum starfstímum.

Um heimild til að gefa nánari fyrirmæli og veita undanþágur.

28. gr.

Skólayfirlækni er heimilt að gefa í einstökum atriðum nánari fyrirmæli um framkvæmd skólaskoðunar og eftirlit með nemendum, svo fremi að þau brjóti ekki í bága við ákvæði þessarar reglugerðar.

Sömuleiðis er skólayfirlækni heimilt í samráði við landlækni að veita undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar, ef til þess þykja brýnar ástæður sökum staðháttu eða annarra aðstæðna.

Starfssvið skólayfirlækni.

29. gr.

Skólayfirlæknir er framkvæmdarstjóri heilsuverndarstarfseminnar í skólum landsins, öðrum en Háskóla Íslands, og sérfræðilegur ráðunautur fræðslumálastjórnar, heilbrigðisstjórnar, skólastjóra og skólayfirvalda (fræðsluráða, skólastjórna, skólanefnda) um allt, er hana varðar. Hann skal skipuleggja og hafa umsjón með starfi skólalækna, skólahjúkrunarkvenna og skólatannlækna, búa gögn í hendur þeim og hlutast til um, að vinnuskilyrði þeirra séu viðunandi. Hann skal fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska, heilsufari, skólavinnu og aðbúð þeirrar kynslóðar, er á skólabekk situr hverju sinni, hafa forgöngu um almennar ráðstafanir henni til heilsuverndar og beita sér fyrir því, að leitað sé tiltækilegrar lækningar eða annarrar hjálpar þeim, sem á slíku þurfa að halda.

Í einstökum atriðum skal skólayfirlæknir gæta þessa:

- a. Skólayfirlæknir skal ferðast milli skóla til eftirlits samkvæmt fyrirætlunum heilbrigðisstjórnar og í samráði við fræðslumálastjórn.
- b. Skólayfirlæknir skal hafa fastan viðtalstíma á skrifstofu sinni, þegar hann er ekki á ferðalögum.
- d. Skólayfirlæknir skal skipuleggja fræðslu þá, er kennaraefni fá í líkamsfræði, lífeðlisfræði, almennri heilsufræði, skólaheilsufræði og hjálp í viðlögum.
- e. Skólayfirlæknir skal vera ráðunautur um fræðslu þá, er almennir skólar veita nemendum sínum í líkamsfræði og heilsufræði.
- f. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um vikulegan hámarks-vinnustundafjölda hvers aldursflokks nemenda.
- g. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um leikja-, leikfimi og aðrar íþróttaiðkanir nemenda.
- h. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um mataræði í heimavistar-skólum, svo og um matgjafir í skólum, ef teknar verða upp.
- i. Skólayfirlæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um gerð og innréttingu skólahúsa og gerð skólahúsgagna.
- j. Skólayfirlæknir skal fylgjast með útbreiðslu næmra sótta í skólum og hafa ásamt öðrum ábyrgum aðilum forgöngu um að hefta þær, eftir því sem fyrir er mælt í lögum og reglum þar að lútandi.
- k. Skólayfirlæknir skal skipuleggja námsskeið í skólaheilsufræði fyrir skólalækna, skólahjúkrunarkonur og kennara, þegar fræðslumálastjórn og heilbrigðisstjórn mæla svo fyrir.
- l. Skólayfirlæknir skal á hverju ári heimta inn skýrslur um heilsuverndarstarfið í skólum landsins og láta fræðslumálastjórn og heilbrigðisstjórn í té heildarskýrslu um starfsemina.

Starfssvið skólalækna.

30. gr.

Skólalæknir skal, undir umsjón skólayfirlæknis, hafa eftirlit með heilsufari, andlegum og líkamlegum þroska, skólavinnu og aðbúð nemenda, leitast við í samvinnu við aðra ábyrga aðila að kenna og temja þeim hollustusamlegar lífsvenjur og vera ráðunautur hlutaðeigandi skólastjóra og skólayfirvalda um allt, er lýtur að hollustuháttum í skólanum.

Í einstökum atriðum skal skólalæknir gæta þessa:

- a. Skólalæknir skal vera í skólanum á umsömdum viðtalstímum.
- b. Skólalæknir skal haga skólaskoðun og heilbrigðiseftirliti með nemendum, eftir því sem fyrir er mælt í 7.—17. (incl.) og 23. gr. þessarar reglugerðar.
- d. Skólalæknir skal fylgjast með því, að kennarar séu ekki haldnir neinum þeim sjúkdómum, sem nemendum getur stafað háski af.
- e. Skólalæknir skal fylgjast með útbreiðslu næmra sótta í skólanum og beita í samvinnu við aðra ábyrga aðila tiltækilegum ráðum til að hefta útbreiðslu þeirra, eftir því sem fyrir er mælt hverju sinni í lögum og reglum þar að lútandi.
- f. Skólalæknir ber á byrgð á, að skráð sé á skoðunarseðla og önnur eyðublöð, sem notuð kunna að vera, allt, sem þar á að skrá. Hann skal hafa eftirlit með því, að skoðunarseðlar og önnur eyðublöð séu geymd á öruggum stað og að enginn óviðkomandi hnýsist í þau. Einnig skal hann sjá um, að plögg nemenda, er skipta um skóla, séu send þeim skóla, er nemandinn sezt í.
- g. Skólalæknir skal kynna sér stundaskrá og starfsemi skólans og hlutast til um, að nemendum sé ekki ofþyngt í námi og að námsþungi hvíli sem jafnast á dögum vikunnar.

- 214** h. Skólalæknir skal fylgjast með íþróttakennslu í skólanum, vera á verði um, að nemendum sé ekki ofboðið með erfiðum æfingum og leggja leikfímkennara ráð um meðferð nemenda, sem eru heilsuveilir eða táplítir.
22. jan. i. Skólalæknir skal leggja skólastjóra og kennurum ráð um meðferð á gæzlunemendum.
- j. Skólalæknir skal ganga eftir því, ef með þarf, að kennarar fullnægi ákvæðum 26. gr. þessarar reglugerðar.
- k. Skólalæknir skal hlutast til um, að foreldrum (forráðamanni) sé jafnóðum tilkynnt allt, sem athugavert finnst við heilsu barns þeirra. Einnig skal hann sjá um, að skólastjóra eða hlutaðeigandi kennara sé tilkynnt allt, sem máli skiptir vegna námsins.
- l. Skólalæknir skal fylgjast með því, að borð og stólar hæfi nemendum.
- m. Skólalæknir skal vera heilsufarslegur ráðunautur um starfsval nemenda, þar sem skóli hefur leiðbeiningar um slíkt með höndum.
- n. Skólalæknir skal hafa eftirlit með heilbrigðisfræðslu í skólanum og veita heilsufræðikennara umbeðnar leiðbeiningar.
- o. Skólalæknir skal sitja kennarafundi, eftir því sem um semst með honum og skólastjóra og a. m. k. einu sinni á ári.
- p. Skólalæknir skal flytja erindi um heilsuvernd fyrir kennara og foreldra, þegar um semst með honum og skólastjóra.
- r. Skólalæknir skipuleggur og stjórnar starfi skólahjúkrunarkonu, þar sem hún er starfandi.
- s. Skólalæknar utan kaupstaða skulu hafa eftirlit með sundlaugum, þar sem nemendum skólans er kennt sund. Skólalæknar í kaupstöðum skulu líta eftir sundlaugum, sem eru í skólunum.
- t. Skólalæknir við heimavistarskóla skal líta eftir umgengni í svefnherbergjum nemenda, þegar hann er staddur í skólanum. Einnig skal hann líta eftir mataræði og ganga úr skugga um, að matvælageymslur séu óaðfinnanlegar og að gætt sé hreinlætis við alla meðferð matvæla.
- u. Eigi síðar en mánuði eftir að skóli hefur lokið störfum að vorinu skal skólalæknir (heilsuverndarstöð) gera ársskýrslu í þrítíu um heilsuverndarstarfsemi og nota við skýrslugerð eyðublöð þau, er skólayfirlæknir hefur mælt fyrir um, að notuð skuli. Skal hann senda hlutaðeigandi héraðslækni (í Reykjavík borgarlækni) eitt eintak, skólayfirlækni eitt, en eitt skal varðveitt í skólanum.

Starfssvið skólahjúkrunarkvonna.

31. gr.

Skólahjúkrunarkona skal, undir umsjón skólayfirlæknis og hlutaðeigandi skólalæknis, fylgjast með andlegum og líkamlegum þroska nemenda, heilsufari þeirra, klæðnaði, líkamsþrifnaði og aðbúð í skóla og á heimili. Hún skal í samvinnu við aðra ábyrga aðila leitast við að kenna og temja nemendum hollustusamlegar lífsvenjur og stuðla að því, að leitað sé tiltækilegrar lækningar eða annarrar hjálpar þeim, sem á slíku þurfa að halda.

Í einstökum atriðum skal skólahjúkrunarkona gæta þessa:

- a. Skólahjúkrunarkona skal vera í skólanum á umsömdum starfstímum.
- b. Skólahjúkrunarkona skal vera tengiliður milli heimilis og skóla um allt, er heilsuvernd nemenda varðar. Skal hún fara heim á heimili nemenda, eftir því sem skólastjóri, skólalæknir eða hún sjálf telja ástæðu til, kynna sér heimilishætti og aðbúð og leggja foreldrum ráð um hollustuhætti og meðferð á barni þeirra. Það, sem hún telur sérstaklega aðfinnsluvert, skal hún skrá á skoðunar-

- seðil hlutaðeigandi nemanda að lokinni heimsókn, og skýra skal hún skóla-
stjóra og skólalækni frá niðurstöðum sínum.
- d. Skólahjúkrunarkona skal búa undir viðtalstíma skólalæknis og aðstoða hann við skoðun, nema öðruvísi sé fyrir aðstoð séð.
- e. Þar sem skólahjúkrunarkona vinnur fullt starf í skóla, skal hún annast bráða-
birgðahjálp, þegar nemendur verða fyrir meiðslum, og leggja á ráð um meðferð
nemenda, sem veikjast meðan þeir eru staddir í skólanum.
- f. Skólahjúkrunarkona skal fylgjast með fjarvistum nemenda og koma á fram-
færi við skólalækni nemendum, sem hafa verið fjarverandi vegna sjúkdóma eða
slysa, svo og þeim nemendum öðrum, sem þarfnast skoðunar að dómi hennar,
og einnig, eftir því sem hún telur ástæðu til, nemendum, sem foreldrar eða kenn-
rarar æskja skoðunar á eða æskja slíks sjálfir. Hún skal vanda sérstaklega til
eftirlits með gæzlunemendum og vera ásamt skólalækni og í umboði hans
ráðunautur þeirra sjálfra, foreldra þeirra og kennara um meðferð á þeim.
- g. Skólahjúkrunarkona skal kalla fyrir sig á hverju hausti þá bekkir skólans, sem
ekki eru skoðaðir almennri skólaskoðun á því skólaári, spyrjast fyrir um heilsu-
far og koma í hendur skólalækni þeim nemendum, sem hún telur þarfnast
skoðunar.
- h. Skólahjúkrunarkona skal jafnóðum tilkynna foreldrum (forráðamanni) allt,
sem athugavert hefur fundizt við heilsu barns þeirra, svo og hverjar ráðstafanir
teljist nauðsynlegar eða ráðlegar.
- i. Skólahjúkrunarkona skal sjá um, að farið sé að fyrirmælum skólalæknis um
tilvísun nemenda til annarra lækna.
- j. Skólahjúkrunarkona skal eftir fyrirmælum skólalæknis sjá um framkvæmd ráð-
stafana til heftingar næmra sóttá, sem upp kunna að koma eða ganga í skólanum.
- k. Skólahjúkrunarkona skal, nema öðruvísi sé fyrir því séð, tilkynna foreldrum
skoðun á barni þeirra, þegar skólalæknir æskir, að þeir séu viðstaddir.
- l. Skólahjúkrunarkona skal fylgjast með klæðnaði og líkamshirðingu nemenda,
einkum hvort óprif séu í hári. Óprif skal hún leitast við að uppræta, án þess
að önnur börn verði vör við.
- m. Skólahjúkrunarkona skal afla þeirra upplýsinga, sem fyrir er mælt um á heilsu-
fars- og skoðunarseðli um heilsufar og heimilishagi þeirra nemenda, sem byrja
skólagöngu. Hún skal sjá um, að seðlar og önnur eyðublöð séu í röð og reglu og að
á þau sé skráð, jafnóðum og tilefni gefst til. Ef ekki er öðruvísi fyrir því séð, skal
hún annast sendingu á plöggum nemenda milli skóla, þegar þeir skipta um skóla,
og sendingu á tilvísunum til lækna og viðtöku á svörum þeirra.
- n. Skólahjúkrunarkona skal inna af hendi þær rannsóknir á nemendum, sem skóla-
læknir felur henni, nema öðruvísi sé fyrir því séð.
- o. Skólahjúkrunarkona skal fylgjast með hreinsun og hreingerningu á vistar-
verum og húsbúnaði skóla og láta skólastjóra, og ef nauðsyn krefur einnig
skólalækni, í té álit sitt á því, sem hún telur áfátt.
- p. Skólahjúkrunarkona skal sjá um, að í skólanum séu nauðsynleg lyf og um-
búðir til bráðabirgðahjálpar og „reagensar“ til rannsókna.
- r. Skólahjúkrunarkona skal aðstoða skólalækni við skýrslugerð í lok hvers skóla-
árs, nema öðruvísi sé fyrir séð.
- s. Skólahjúkrunarkona, sem gegnir fullu starfi við heimavistarskóla, skal annast
sjúkrahjúkrun í skólanum, svo og kennslu í heilsufræði, ef skólastjóri æskir
þess. Hún skal líta eftir íbúðarhergjum nemenda og leitast við að kenna þeim
góða umgengni, og einnig skal hún líta eftir matvælageymslum og meðferð
matvæla.

- 214** t. Skólahjúkrunarkona skal leita fyrir mæla hlutaðeigandi skólastjóra um tilhögun
22. jan. á störfum sínum, að svo miklu leyti sem þau kunna að valda röskun á daglegri starfsemi skólans.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 22. janúar 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

215
25. nóv.

AUGLÝSING

um stöðumæla í Reykjavík.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðið, að gjaldskyldutími á stöðumælareitum verði á laugardögum færður til samræmis við almennan lokunartíma sölubúða, þ. e. til kl. 16, á tímabilinu október til desember ár hvert.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. nóvember 1958.

Sigurjón Sigurðsson.

216
20. des.

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum váttryggingarfjárhæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

Naut	1.6%
Kýr (heil kúabú)	12.0%
Kynbótahestar	3.9%
Hrútar	6.2%
Ær og gimbrar (sauðfjárhópar):	
1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó	4.5%
2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:	
a. Sé ekki flæðihætt	6.0%
b. Sé flæðihætt	7.5%

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, og lögum nr. 90 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 20 26. febr. 1943, um búfjártryggingar, gildir frá 1. október 1958. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um iðgjöld fyrir búfjártryggingar, útgefin 22. desember 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. desember 1958.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.